

# Minnisblað

Til: Bæjarráðs Ísafjarðarbæjar  
Frá: Axel Rodriguez Överby  
Dags. 11. mars 2021  
Mnr. 2021030030



ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað – sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs dags. 11. mars

Fiskvinnslan Íslandssaga hf, Fishermann ehf og Klofningur ehf óska eftir samtali við Bæjarráð Ísafjarðarbæjar um málefni tengd atvinnulífi og samfélaginu á Suðureyri.

Ástæða þessarar beiðni er tilfinning forsvarsmanna fyrirtækjanna að samfélagið á Suðureyri sé utanveltu í innviðauppyggingu og þjónustu innan Ísafjarðarbæjar.

1. Sjóflóðavarnir, árið 1995 varð mannskætt snjóflóð á Flateyri, á árunum 1991 og 1995 urðu 2 sjóflóð þar sem að tjón varð á bæði bátum, hafnarmannvirkjum og vegurinn neðan við Lónið Steinvarðsstrætið fór í klessu. Þá eru til eldri sögur af tjónum vegna sjóflóða vegna snjóflóða. Fyrir ári síðan varð sjóflóð sem gekk á land inni í þorpinu og olli talsverðu tjóni. Í kjölfarið var rætt um styrkingu á vörnum vegna þessarar hættu, ekkert hefur heyrst eða samkvæmt okkar vitneskju gerst síðan menn ræddu það að bregðast við ástandinu. Skráningu snjó og sjóflóða hefur verulega ábótavant í Súgandafirði í gegnum árin.

Vegagerðin sér um sjóvarnir sbr. 3 gr. laga 28/1997, vegagerðin skal sjá um að áætlun um sjóvarnir sé gerð samkvæmt lögum um samgönguáætlun.

Í kjölfar snjóflóðanna á Flateyri og Súgandafirði 14. janúar 2020, kom bæjarráð saman 21.01.2020, þar sem bæjarráð lagði fram neðangreinda bókun. Í framhaldi af bókunum bæjarráðs og bæjarstjórnar, sendi Þórdís Sif sem starfandi bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, tölvupóst dags. 21. febrúar síðastliðinn þar sem hún lagði til að skoðaðar yrðu frekari leiðir til varna vegna flóðbylgna sjávar út frá snjóflóðum úr hlíðum Norðureyrar í Súgandafirði.

Vegagerðin hafi skoðað framangreint og sé með tillögur að úrbótum á Suðureyri, með m.t.t.þ. er óskað eftir því f.h. Ísafjarðarbæjar að Vegagerðin og Ísafjarðarbær vinni saman að úrbótum á sjónvörnum við Suðureyri.

Á 1090. fundi bæjarráðs, þann 21. janúar 2020 var eftirfarandi bókað:

„Snjóflóð í Önundarfirði og Súgandafirði 14.1.2020 - 2020010042Umræður um snjóflóðin í Önundarfirði og Súgandafirði 14.01.2020 og viðbrögð við náttúruhamförunum.Umræður fóru fram. Bæjarráð færir öllum viðbragðs- og björgunaraðilum þakkar fyrir ómetanlegt starf og þakkar einnig sýndan samhug frá landsmönnum öllum. Sérstök ánægja er með þá fyrirhyggju Landhelgisgæslunnar að staðsetja varðskipið Þór á svæðinu gagnert til að bregðast við.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar leggur til við bæjarstjórn að óskað verði eftir við stjórn Ofanflóðasjóðs að gert verði nýtt hættumat fyrir Flateyri og gerð verði úttekt á möguleikum á endurbótum á varnargörðum ofan Flateyrar. Einnig að skipuð verði hættumatsnefnd fyrir öll hættumöt í Ísafjarðarbæ og þau endurskoðuð. Jafnframt að óskað verði eftir því að Ofanflóðasjóður taki þátt í að verja hafnarmannvirki á Flateyri fyrir snjóflóðum í ljósi mikilvægis mannvirkisins, bæði vegna öryggishlutverks hafnarinnar og að varnarmannvirkin beina snjóflóðum inn á svæðið og auki þar með áhættu þar.

**Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að óskað verði eftir því við Vegagerðina að endurskoða sjóvarnir á Suðureyri.**

Tillaga bæjarráðs var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 23. janúar 2020

Með hliðsjón af framangreindu er Siglingasvið vegagerðar að vinna að hönnunarvinnu sem snúa að úrbótum vegna sjóvarna á Suðureyri. Þegar tillögur Vegagerðar liggja fyrir munu þær vera kynntar fyrir bæjaryfirvöldum íbúum Suðureyrar.

2. Vegurinn undir Spilli, að okkar mati liggur ekki fyrir hver er ábyrgðaraðili á þessari leið, oft eru þarna aðstæður sem eru varhugaverðar og virðist sem að enginn beri ábyrgð á að ákveða hvort opna á veginn eða að hafa hann lokaðan, í sveitinni í Staðardalnum býr fólk sem sækir vinnu á Suðureyri ásamt því að ungt fólk sækir skóla í sveitarfélaginu.

Vegurinn er skilgreindur sem Héraðsvegur í vegaskrá Vegagerðar. Veghald og rekstur héraðsvega er á færi Vegagerðar, með vísan í 8. gr. laga 80/2007.

Snjómokstur er á hendi sveitafélagsins og er leiðinn út að Brjót, í forgangi 1. sbr. snjómokstursreglur Ísafjarðarbæjar, þar fyrir utan er mokstur í forgangi 3 þ.e. mokað þrisvar í viku þ.e. Mán-Miðv-Fös svo einn aukadagur á viku innan virkra daga ef þarf.

3. Húsnæðismál á breiðum grunni, er verið að nota þær lausnir sem Ríkið hefur boðið fram til lausnar í húsnæðismálum á landsvísi, það er skortur á húsnæði á Suðureyri fyrir starfsfólk þeirra fyrirtækja sem eru hér með starfsemi, og mikið af húsnæði hefur verið keypt af brottfluttum Súgandafirðingum sem nota það til sumarsetu, og væntanlega fær Ísafjarðarbær ekki miklar útsvarstekjur af þeim íbúum. Þetta mál er orðið brýnt til þess að geta boðið starfsfólki sem þörf er á fyrir svæðið nýttísku húsnæði til afnota.

Starfsmenn Ísafjarðarbæjar eru að móta reglur sem m.t.t. laga um almennar íbúðir nr. 52/2016 vegna stofnframlaga, til að auka aðgang að öruggu og viðeigandi íbúðarhúsnæði til leigu. Samkvæmt lögum nr. 52/2016 hefur ríkið og sveitafélög heimild veita stofnframlög til byggingar og kaupa á almennum íbúðum. Stofnframlag sveitafélags vegna almennra íbúða skal nema 12% af stofnvirði almennrar íbúðar. Forsendur fyrir veitingu framlags er að umsækjanda verði jafnframt veitt stofnframlag ríkisins. Sveitafélagið er að leiða þetta mál áfram.

4. Skipulagsmál almennt, það virðist sem þegar kemur að þessum málaflokki að þar gildi lögmálið um svokallaðan Teigskógshraða, helst að gera ekki neitt og tefja mál, þetta er a.m.k. upplifun okkar sem að stöndum í þessum rekstri á Suðureyri.

Útgáfa leyfa og samþykkt skipulagsáætlana sveitarfélaga þarf að vera í samræmi við kröfur laga og reglugerða og þá stefnu stjórnvalda sem í gildi er á hverjum tíma.

5. Hafnarmál eru almennt í góðu lagi og endurnýjun hefur átt sér stað á aðalhöfninni á Suðureyri, þó finnst okkur sem að embætti Hafnarstjóra hafi hallað máli Súgandafjarðar með vafasamri upplýsingagjöf til Skemmtiferðaskipa sem gjarnan vilja taka land í Súgandafirði. Þá hefur embætti Hafnarstjóra fullyrt við laxeldisfyrirtæki sem skoðuðu uppbyggingu á sláturhúsi í Súgandafirði að ekki væri hægt að tryggja nægjanlegt dýpi með dýpkun og hefur líkt því við Landeyjarhöfn. Lagt til að hringt verði í hafnarstjóra og hann svari þessu.

Ósk var sett fram um staðarvalsgreiningu vegna uppbyggingar á starfsemi laxeldisfyrirtækja, samkvæmt okkar heimildum er í þeirri greiningu ekki minnst á Súgandafjörð sem kost, þrátt fyrir að Ísafjarðarbær sé aðili að samkomulagi við eitt þeirra fyrirtækja sem óskar eftir þessu samtali.

Hjá Ísafjarðarbæ hefur ekki verið unnin staðarvalsgreining fyrir fiskeldisfyrirtæki, það er í höndum fyrirtækjanna sjálfra að átta sig á kostum og göllum þeirra staða sem koma til greina og henta þeirra rekstri. Ísafjarðarbær upplýsti um stöðu skipulags og vatnsveitu í kjörnunum þremur, þ.e. Flateyri, Suðureyri og Þingeyri.

6. Hver er staðan á Vatnsveitumálum í Súgandafirði. Gott væri ef hægt er að upplýsa okkur um rekstur Vatnsveitu Súgandafjarðar.

**Vatnsveita Suðureyrar:** Vatnið í vatnsveituna kemur úr vatnslindum í Sunddal inn af Staðardal, frá inntaki liggur 140mm lögn niður Staðardal, fyrir Spillir og inn í miðlunartank ofan Hjallabyggðar, mælingar sýna að lögnin flytur 15,2 l/sek þegar notkun er mikil í bænum er rennslið í bæinn 16,1 l/s því lækkar yfirborð í tanknum á þeim tíma. Ef vatnsfrekur iðnaður verður settur upp á Suðureyri þarf að leggja nýja aðveitulögn og jafnvel að fjölga vatnslindum í Sunddal. Helstu stórnotendur eru Klofningur 8 l/sek og Íslandssaga 3 l/sek

Á vormánuðum er áætlað að endurnýja vatnslögn inn í Staðardal og er efni í pöntun. Ekki er hægt að bæta við stórnotendum á Suðureyri nema með því að bæta við vatnslindum og jafnvel að svera aðveitulögnina.

